

Sp.

55. Tillaga til þingsályktunar

[53. mál]

um sildariðnað á Austurlandi.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig koma megi á fót á Austurlandi fjölbreyttari hagnýtingu síldar en fæst með bræðslu hennar og söltun, eins og nú tíðkast.

Greinargerð.

Öllum er ljóst, að mikil vá er nú fyrir dyrum hjá síldarútgerðinni vegna hins mikla verðfalls á mjöli og lýsi. Er fyrirsjáanlegt, að mjög hlýtur að draga úr þeirri útgerð á næstu árum, ef ekkert verður að gert til þess að auka verðmæti síldar-afurðanna frá því, sem nú er, svo að hægt sé að greiða herra verð fyrir síldina til útgerðarinnar.

Það er sjálfsgagt þó nokkuð margt, sem komið gæti til greina í þessum efnum, og má m. a. nefna niðursuðu, niðurlagningu og reykingu síldarinnar. Allar hafa þessar verkunaraðferðir átt erfitt uppdráttar á Íslandi, þótt aðrar þjóðir hafi verið stórtækar í þessum efnum. Íslandssíldin er viðurkennd gæðavara, og er Austfjarða- og Suðurlandssíldin, sem er hvor tveggja ekki alveg eins feit og Norðurlandssíldin, prýðisvel fallin til þessara hluta. Hér skal ekki rakin saga þessara mála hér á landi, en það er engum vafa undirorpið, að Íslendingar geta orðið liðtækir í slíkri framleiðslu fyrir heimsmarkaðinn eins og aðrar þjóðir. Það væri því mjög mikilvægt, ef ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir, að myndarlegt átak yrði gert í þessum efnum á Austurlandi. Hér er sérstaklega bent á Austurland, vegna þess að síldin virðist nú halda sig þar einna mest, og svo er þar lítið um atvinnu að vetrarlagi, einkum á norðlægari fjörðunum. Slíkur iðnaður væri tilvalinn til að bæta þar úr árstíðabundnu atvinnuleysi.